

Sjöundi fundur haldinn að Breiðabliki sunnudagur 30. maí 2021 að Breiðabliki kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Skýrsla SSV frá 21. maí 2021 vegna Laugargerðisskóla. Sveitarstjón fór þess á leit við SSV að þeir færu yfir skólamálin hjá okkur, rekstrarlega og faglega og hvaða leiðir væru vænlegastar til að tryggja sem best börnunum í sveitarfélaginu aðgengi að grunnskóla. Skýrsla SSV barst sveitarstjórnarmönnum fyrir nokkrum dögum. Ljóst er að það eru helst tveir möguleikar sem farið er yfir í skýrslunni sem verið er að horfa til en þeir eru;

Leið 1. Laugargerðisskóli rekinn áfram með svipuðum hætti og í dag, en rekstur skólans tekinn mun fastari tókum og aukið eftirlit hreppsnefndar með honum.

Leið 2. Laugargerðisskóli og Lýsuhólsskóli sameinaðir í einn skóla. Fjölmennari skóli sem gæti mögulega eft samfélagið á sunnanverðu Snæfellsnesi

Ljóst er af upplýsingum frá staðgengli skólastjórna að ekki verða börn í leikskóla úr okkar sveitarfélagi næsta skólavetur en 9 skólabörn. Í allri umræðu og ákvarðanatöku um skólamál er mikilvægt að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi. Í aðdraganda þessa fundar er búið að vera gott samtal milli sveitarstjórnar og skólans en samtalið fer þannig fram að oddviti og yfirmaðurinn í skólanum fara yfir málin, hefur það verið gert bæði á fundi þeirra á milli sem og samtöl. Ljóst er að 9 barna skóli, 12 ef börnin koma úr Kolbeinstaðahrepp verður erfið rekstrareining. Það er þekkt víða um land að gott aðgengi að grunnskóla í dreifbýli skiptir máli þegar fólk velur búsetu og því mikilvægt að sveitastjón tryggi að svo verði. Það er hins vegar ljóst að litlir dreifbýlisskólar eiga undir högg að sækja með tilliti til kostnaðar og aukinna krafna eins og kemur fram í skýrslu SSV. Því er orðið mikilvægt að eiga enn frekari samtal um skólalald á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Niðurstaða samþykkt samhljóða: Þar sem ekki verða leikskólabörn úr sveitarfélaginu hjá okkur í vetur er Sigurði Jónssyni falið að tilkynna starfsfólki leikskólans um að ekki verði starf fyrir þau hjá okkur á komandi skólaári. Oddvita falið í samráði við Sigurð að kalla saman foreldra þeirra barna sem verða í skólanum næsta skólaárið eins fljótt og hægt er til að eiga við þau samtal.

2. Bréf frá Mennta og Menningarmálaráðuneyti dagsett 3. Maí 2021 þar sem óskað er eftir upplýsingum vegna umbótaáætlunar ytra mats. Beðið er um upplýsingar um framgang umbótaáætlunar vegna skólaársins 2020-2021. Sveitarstjón hefur ekki upplýsingar um framgang hennar skólaárið 2020-2021.
Niðurstaða samþykkt samhljóða: oddvita falið að tilkynna ráðuneytinu að hún hafi ekki undir höndum upplýsingar um framgang þeirra umbóta sem áætlaðar voru á skólaárinu 2020-2021.
3. Umsögn um umsókn Dreisam ehf vegna rekstarleyfis gististaðar í flokki IV í Veiðihúsinu Dal.
Niðurstaða: Sveitarstjón gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um að aðrir umsagnaðilar geri ekki athugasemdir.
4. Fyrirspurn um leigu á tjaldsvæði við Laugargerðisskóla. Í bréfi dagsettu 3. maí 2021 sendir fyrirtækið Landamerki ehf fyrirspurn vegna leigu á tjaldsvæði við Laugargerðisskóla vegna sumarsins 2021.

Niðurstaða: sveitarstjórn samþykkir að leigja Landamerki ehf tjaldsvæðin við Laugargerðisskóla sumarið 2021.

5. Styrkumsókn frá Helis slf.

Niðurstaða: Sveitarstjórn getur ekki orðið við beiðninni þótt hugmyndin væri góð. Oddvita falið að kynna fyrir viðkomandi þá möguleika sem eru á að leita eftir styrkjum í þetta spennandi verkefni.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)